



Afkomutilkynning
Reykjavík, 30. ágúst 2012

Árshlutauppgjör 1. janúar 2012 til 30. júní 2012

- Hagnaður Spalar ehf eftir skatta fyrir rekstarárið 1. janúar 2012 til 30. júní 2012 nam kr. 33,9 m.kr. en hagnaður á tímabilinu 1. janúar 2011 til 30. júní 2011 nam 53,1 m.kr. Hagnaður Spalar ehf eftir skatta á öðrum ársfjórðungi félagsins sem er 1. apríl 2012 til 30. júní 2012 nam 66,5 m.kr. Á sama tíma árið á undan nam hagnaður félagsins 30,6 m.kr.
- Greiðsluflæðið gefur hins vegar betri mynd af gangi félagsins þar sem verðbætur vegna vísitöluhækkana lána dreifast til greiðslu fram til loka lánstímans, þ.e. 2018. Greiðslugeta félagsins undanfarin 5 ár hefur verið sterk. Um 655 mkr. (2010:600 mkr.) voru greiddar í afborganir og vexti á tímabilinu 1. október 2010 til 31. desember 2011 og nauðsynlegt umframfjármagn var að auki til staðar 31. desember 2011 eins og lánasamningar gera ráð fyrir.
- Veggjald nam 483 m.kr. fyrstu 6 mánuði ársins til samanburðar við 435 m.kr. árið áður sem er 11% hækkun.
- Rekstrarkostnaður Spalar ehf án afskrifta fyrstu 6 mánuði ársins nam 166 m.kr. og hækkar um tæpar 25 m.kr frá árinu áður þegar hann nam 141 m.kr.
- Afskriftir á tímabilinu námu samtals 58 m.kr. Samanborið við 62 m.kr. frá árinu áður.
- Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur lækka á milli tímabila um 2,7 m. kr.
- Skuldir Spalar ehf hækka úr 4.079 m.kr. þann 31. desember 2011 í 4.318 m.kr. þann 30. júní 2012.
- Á árinu 2010 veitti Ársreikningaskrá Speli ehf heimild til að breyta reikningsári sínu á þann hátt að árslok hvers uppgjörsárs miðast nú við 31. desember ár hvert í stað 30. september eins og verið hefur.
- SpöLur ehf er að fullu í eigu Eignarhaldsfélagsins Spalar hf.

Um uppgjörið

Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar, segir að umferð og tekjur séu í samræmi við áætlanir fyrstu 6 mánuði rekstrarársins. Útlit er fyrir að nokkur samdráttur verði í umferð undanfarna 2 mánuði miðað við áætlanir og umferð sömu mánuða síðasta árs, þannig að líkur eru á að núverandi rekstrarár verði að öllu óbreyttu heldur lakara en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar ehf, í síma 433 5910.



**Lykiltölur úr rekstri Spalar ehf
í þúsundum króna**

	Skýr	Annar ársfjórðungur		Fyrri árshelmingur	
		1/4 12 - 30/6 12	1/4 11 - 30/6 11	1/1 12 30/6 12	1/1 11 30/6 11
Veggjald		301.015	265.898	482.735	435.439
Viðhald og rekstur ganga		50.405	39.169	90.089	81.489
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		30.652	30.391	73.372	55.617
Niðurfærsla viðskiptakrafna		1.991	1.937	2.607	4.391
Afskriftir	6	28.895	31.409	57.625	62.156
Rekstrarhagnaður		189.072	162.992	259.042	231.786
Vaxtatekjur og verðbætur		3.219	2.483	7.096	4.879
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		-109.105	-127.173	-167.642	-170.310
		-105.886	-124.690	-160.546	-165.432
Hagnaður fyrir skatta		83.187	38.302	98.496	66.355
Tekjuskattur	5	-16.637	-7.660	-64.537	-13.271
Hagnaður tímabilsins		<u>66.549</u>	<u>30.642</u>	<u>33.959</u>	<u>53.084</u>
Heildarafkoma tímabilsins		<u>66.549</u>	<u>30.642</u>	<u>33.959</u>	<u>53.084</u>

Lykiltölur úr efnahagsreikningi Spalar ehf í þúsundum króna

	30/6 2012	31/12 2011
Eignir samtals	5.066.810	4.793.775
Eigið fé	748.338	714.379
Skuldir samtals	4.318.472	4.079.396
Veltufjárhlutfall	0,82	0,57
Eiginfjárhlutfall	14,77%	14,90%

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af ESB.

Árshlutareikningur er gerður til samræmis við alþjóðlegan reikningsskilastaðal fyrir árshlutareikninga (IAS 34 "Interim Financial Reporting") eins og hann hefur verið samþykktur af ESB.

Rekstrarreikningur

Hagnaður tímabilsins nam 33,9 m.kr. en á tímabilinu árið áður nam hagnaður félagsins 53,1 m.kr.

Rekstrarhagnaður tímabilsins fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er 259 m.kr. en var árið áður fyrir sama tímabil 232 m.kr.



Tekjur

Veggjald á tímabilinu nam 483 m.kr. samanborið við 435 m.kr. árið áður og hækkar því um 11%.

Gjöld

Rekstrarkostnaður félagsins án afskrifta á tímabilinu var 166 m.kr. og hækkar um 17,7% frá sama tímabili ári áður þegar hann nam 141 mkr. Rekstrarkostnaður án afskrifta á öðrum ársfjórðungi nam 83 m.kr. og hækkaði um 12 m.kr. frá árinu áður þegar hann nam 71 m.kr.

Afskriftir

Afskriftir á tímabilinu voru 58 m.kr samanborið við 62 m.kr á sama tímabili ári áður.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Á tímabilinu voru fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 161 m.kr og lækka um 2,9% frá sama tímabili ári áður þegar þau voru 165 m.kr. Má þessa lækkun að mestu leyti rekja til lítilla breytinga á vísitölu verðbreytinga.

Efnahagsreikningur

Eignir

Heildareignir Spalar ehf 30. júní 2012 voru 5.067 m.kr. Þann 31. desember 2012 námu þær 4.794 m.kr. Eignir félagsins hafa því hækkað um 273 mkr.

Eigið fé og skuldir

Eigið fé Spalar er 748 m.kr. og hækkar um 33,9 m.kr. frá 31. desember 2011.

Skuldir félagsins námu 4.318 m.kr. 30. júní 2012 og hækka þær um 239 m.kr. frá 31. desember 2011. Þessi hækkun skýrist meðal annars af verðbreytingu lána og áfallinna vaxta af langtímalánum.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri með vöxtum var 293 m.kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2012 en fyrir sama tímabil árið á undan var handbært fé frá rekstri með vöxtum 270,5 m.kr.

Handbært fé stendur í 517 m.kr. í lok júní 2012.



Þróun rekstrar

Hér á eftir má sjá afkomu rekstrar og þróun hans á milli fyrstu tveggja ársfjórðunga frá 1. janúar til 31. mars 2012 og 1. apríl til 30. júní 2012.

Ársfjórðungsyfirlit í þúsundum króna

	2. ársfj.	1. ársfj.	2. ársfj.	1. ársfj.
	1/4 12 -	1/1 12 -	1/4 11 -	1/1 11 -
	30/6 12	31/3 12	30/6 11	31/3 11
Rekstrartekjur				
Veggjald.....	301.015	181.719	265.898	169.541
Rekstrargjöld				
Viðhald og rekstur ganga	50.405	39.685	39.169	42.320
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	30.652	42.719	30.391	25.226
Tapaðar kröfur.....	1.991	616	1.937	2.454
Rekstrarhagn. f. afskriftir (EBITDA)	217.967	98.700	194.401	99.542
Afskriftir.....	-28.895	-28.730	-31.409	-30.747
Rekstrarhagnaður (EBIT)	189.072	69.970	162.992	68.794
Fjármunatekjur- og (fjármagnsgjöld) -nettó.....	-105.886	-54.660	-124.690	-40.742
Hagnaður (tap) fyrir skatta	83.187	15.309	38.302	28.053
Tekjuskattur.....	-16.637	-47.899	-7.660	-5.611
Hagnaður (tap) tímabilsins	66.549	-32.590	30.642	22.442

Rekstrarhorfur og framtíðarsýn

Eins og nú horfir er útlit fyrir nokkru minni umferð en á síðasta rekstrarári en tekjur muni skila sér nokkurn veginn í samræmi við áætlanir.

Endurskoðun

Árshlutauppgjörið hefur hvorki verið endurskoðað né kannað af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf. Stjórn og framkvæmdastjóri Spalar ehf hafa í dag samþykkt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar 2012 til 30. júní 2012.